

Ed.

294. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. og 2. málgr. 16. gr. laganna hljóði þannig:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Sé bálstofa starfandi í sambandi við kirkjugarð, skal Bálfarafélag Íslands eða félagsdeildir þess utan Reykjavíkur, þar sem bálstofa starfar, hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á sama hátt og starfandi söfnuðir.

Nú er tala kjörinna fulltrúa jöfn, og skal þá á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið, svo og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.